



Based on an  
Icelandic folk tale

THE  
NIGHT  
CAP

THE NIGHT CAP - a film by EDDA RÓS JÓNSSDÓTTIR & GUÐJÓN BRAGI STEFÁNSSON  
music & sound design by MARTIN JÖRL ÞRÍKVIÐ & REGA EL-KHISLOUFI, writers, designed & animated by EDDA RÓS JÓNSSDÓTTIR & GUÐJÓN BRAGI STEFÁNSSON  
creative consultancy by BARBARA ADLER & ARTHUR STEIN, a project for THE DANISH DESIGN SCHOOL, 2009

## THE NIGHT CAP

1.7. - 27.7.

THE NIGHT CAP er unnin upp úr íslensku þjóðsögunni *Draugshúfan*. Myndin er án tals til þess að brjóta niður tungumálamúra. Sagan er sögð í myndum og það er áhorfandans að túlka hreyfingar og gjörðir persónanna. Sumu hefur verið breytt og annað beygt til að laga knappan frásagnarstíl þjóðsagnanna að frásagnarmáta myndmálsins.

MYNDIN er unnin með blandaðri tækni þar sem notaðar eru teikningar, tölvugrafík, ljósmyndir og myndbandsklippur til að skapa heim verksins. Í grunninn er byggt á hefðbundinni klippibrúðutækni en allt unnið stafrænt.

THE NIGHT CAP var upphaflega sameiginlegt útskriftarverkefni Eddu Rósar Jónsdóttur og Guðjóns Braga Stefánssonar frá Danmarks designskole. Myndin var ekki fullkláruð við útskrift en listamennirnir voru hvattir til að ljúka við verkið og koma myndinni á framfæri. Hún var tilbúin í ársbyrjun 2010 og hefur síðan verið sýnd víða á stuttmynda- og teiknimyndahátíðum.

GUÐJÓN BRAGI STEFÁNSSON (1978) er fæddur og uppalinn á Egilsstöðum og útskrifaðist með B.A. gráðu í grafískri hönnun frá Listháskóla Íslands 2003. Hann hefur starfað sem hönnuður Hvíta húsinu í Reykjavík og vefyfirtækinu Amiado AG í Zürich, Sviss. Árið 2007 flutti hann til Kaupmannahafnar og hóf þar meistaranám við Danmarks Designskole þaðan sem hann útskrifaðist 2009. Í náminu lagði hann áherslu á 'Production design' og hreyfigrafík. Guðjón starfar í dag sem Art Director hjá stafrænu auglýsinga- og markaðshúsi, Magnetix A/S í Kaupmannahöfn.

EDDA RÓS JÓNSDÓTTIR (1978) er uppalin í Danmörku. Hún lauk B.A. prófi frá Danmarks Designskole í 'Production design' árið 2006 og M.A. prófi 2009. Edda hefur komið að fjölda verkefna, s.s. tónlistarmyndböndum, stuttmyndum, teiknimyndum, brúðmyndum og innsetningum, ýmist sem 'Production designer', leikmyndahönnuður, teiknari og/eða þúsundþjalasmiður. Hún starfar í dag sem sjálfstæður kvikmyndagerðarmaður í Kaupmannahöfn og London og er að ljúka við sína fyrstu heimildarmynd sem nefnist *Telefonbesked fra Mor (Message from Mum)*. Hún vinnur í sumar hjá hreyfimyndafrirtækinu Beakus studio í London.

HLJÓÐHEIM myndarinnar unnu þeir Martin Juel Dirkov og Reda El-Khelufi.